



517. fundur Þingvallanefndar
19. september 2025 kl 09:00-11:00
Grjótnesi
Nefndarsviði Alþingis í Smiðju

Mættir: Sigurður Helgi Pálmason formaður, Ása Berglind Hjálmarsdóttir varaformaður, Guðbrandur Einarsson, Kristján Þórður Snæbjarnarson varamaður Eydísar Ásbjörnsdóttur, Karl Gauti Hjaltason, Sigurður Ingi Jóhannsson. Vilhjálmur Árnason boðaði forföll og varamaður komst ekki.

Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður sat fundinn og tók fundargerð. Gestur á fundinum var Lilja Jónasdóttir lögmaður Þingvallanefndar.

Formaður setur fund og bíður alla velkomna á fyrsta fund Þingvallanefndar og hefur dagskrá sem hann kynnir sem almenna kynningu um störf Þingvallanefndar og rekstur þjóðgarðsins.

Dagskrá:

1. Almenn umfjöllun um starfshætti Þingvallanefndar.
Farið yfir fundartíma og fundarstaði Þingvallanefndar og ferð til Þingvalla til að kynna sér þjóðgarðinn. Samþykkt að halda fyrri fundartímum áfram annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar en einnig aukafundum ef þörf krefur á. Stefnt að Þingvallaferð í haust og þjóðgarðsverði falið að koma með tillögu að dagsetningu og skipulagi.
2. Almennt yfirlit yfir rekstur þjóðgarðsins, tekjur og kostnað og stöðu hans.
Þjóðgarðsvörður fer yfir almennan rekstur, helstu tekjustrauma, útgjöld og fjárhagsstöðu og starfsmannahald sem er í góðu jafnvægi. Stefnt að frekari kynningu á næstu fundum og í Þingvallaferð.
3. Sumarhúsamál, almenn yfirferð
Lilja Jónasdóttir lögmaður Þingvallanefndar og þjóðgarðsvörður fara yfir málefni sumarhúsa í þjóðgarðinum, málsmeðferð við meðferð mála er varða sumarhús í þjóðgarðinum.
4. Önnur mál.
Almenn umfjöllun um verkefni sem verða til umfjöllunar og starf Þingvallanefndar á komandi misserum.
Fundi slitið.